

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og losun seyru í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorpreinsis- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

Endurvinnslutunnur eru losaðar einu sinni í mánuði og almennt sorp aðra hverja viku.

Seyra er losuð á þriggja ára fresti.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir á Grenivík og sveitaheimili	kr. 30.000
Sumarbústaðir utan Grenivíkur	kr. 11.500

Sorhirðugjald fyrirtækja (þ.m.t. sveitabýla):

Flokkur 1	kr. 21.000
Flokkur 2	kr. 30.000
Flokkur 3	kr. 51.000
Flokkur 4	kr. 85.000
Flokkur 5	kr. 169.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjaldtaka fyrir losun seyru:

Rotþrær minni en 3.000 l	kr. 5.500
Rotþrær 3.000 l og stærri	kr. 8.800

Gjaldtaka fyrir förgun dýrahræja:

Nautgripir	kr. 300	pr.grip
Hross	kr. 80	pr.grip
Sauðfé og geitur	kr. 50	pr.grip
Grísir	kr. 200	pr.grip

Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hverrar búfjártategundar samkvæmt forðagæsluskýrslu.

3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 5. desember 2011 og 19. desember 2011.

Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. gr. samþykktar um hreinsun og losun rofþróa á starfs- svæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ nr. 671/2003.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Eldri gjaldskrá nr. 670/2009 með síðari breytingu nr. 238/2011 fellur úr gildi frá sama tíma.

Nr. 224

10. janúar 2012

Staðfest í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 5. desember 2011, 19. desember 2011 og 9. janúar 2012.

Grenivík, 10. janúar 2012.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 6. mars 2012